



Skáksveit leikskólabarna á Laufásborg er hér við æfingar fyrir Íslandsmeistaramót barnaskólasveita sem fram fer í íþróttahúsinu Smáranum í dag. „Við erum líka að undirbúa okkur fyrir Evrópumótið í skólaskák sem verður haldið í Grikklandi í apríl. Þessi hópur er allur á leiðinni þangað,“ segir Omar Salama, kennari og skákþjálfari á Laufásborg. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nöfnum vitna haldið leyndum

Settur ríkislögmaður hyggst leiða tvö vitni í máli Guðjóns Skarphéðinssonar gegn ríkinu. Um aðila sem komu að rannsókninni er að ræða. Aðalmeðferð málsins fer fram 17. mars. Fyrirtaka var í málinu í gær.

GEIRFINNSMÁL Menn sem komu að rannsókn Geirfinnsmálsins á áttunda áratugnum munu gefa skýrslu að kröfu setts ríkislögmanns við aðalmeðferð máls Guðjóns Skarphéðinssonar gegn ríkinu sem fram fer 17. mars næstkomandi. Í málinu fer Guðjón fram á 1,3 milljarða í bætur frá ríkinu vegna Geirfinnsmálsins. Ríkið fer fram á að vera sýknað af öllum kröfum Guðjóns.

Í undirbúningsþinghaldi fyrir aðalmeðferðina í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sagði Andri Árnason, settur ríkislögmaður, að

» Ríkislögmaður hyggst leiða rannsakendur Geirfinnsmálsins sem vitni í máli Guðjóns.

hann hefði hug á að leiða tvö vitni ef heilsa þeirra leyfir. Hann vildi ekki gefa upp nöfn vitnanna tveggja að svo stöddu til að vernda þau fyrir ágangi en lét þess þó getið að um væri að ræða aðila sem komu að rannsókn mála. „Ég vil ekki að þeir verði fyrir einhverju aðkasti ef

þeir ætla að koma hér fyrir dóm.“ Var lögmanninum gert að tilkynna dóminum um nöfn vitnanna viku fyrir aðalmeðferð.

Ragnar Aðalsteinsson sagðist hvorki myndu leiða réttarsálfræðinginn Gísli Guðjónsson né Jón Friðrik Sigurðsson geðlækni sem vitni vegna þess hve harðlega ríkið legðist gegn því. Gísli og Jón Friðrik framkvæmdu ítarlega rannsókn á játningum í Geirfinnsmálinu með þeirri niðurstöðu að Guðjón hefði veitt falska játningu um aðild sína að hvarfi Geirfinns. Ríkislögmaður

telur sérfræðiálit um falskar játningar ekkert sönnunargildi hafa í málinu eins og fjallað er um í greinargerð hans.

Óvist er hvort Guðjón sjálfur gefi skýrslu við aðalmeðferðina en lögmaður hans lagði fram bókun frá honum í héraðsdómi í gær. Ríkislögmaður ítrekaði áskorun um að stefnandi mætti sjálfur fyrir dóm og gæfi skýrslu um þau málsatvik sem hann byggir á. Lögmaður Guðjóns kvað ekki víst að hann ætti heimanengt vegna heilsuleysis.

– að / sjá nánar á frettabladid.is

Kæru íbúanna var vísað frá

SKIPULAGSMÁL Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála telur að íbúar ofan við Stekkjarbakka eigi ekki lögvarða hagsmuni af því hvort gróðurhvefing rísi í Elliðaárdal. Var kæru íbúa til nefndarinnar vísað frá.

Íbúar telja að skert útsýni og ljósmengun frá gróðurhvefingunni muni lækka söluverð húsa þeirra. Deiliskipulagi Elliðaárdals norðan Stekkjarbakka var breytt í borgarstjórn í nóvember síðastliðnum og bygging gróðurhvefingarinnar þar heimiluð.

Reykjavíkurborg telur að útsýni sé ekki lögverndaður réttur íbúa í borg og ljósmagn verði ekki meira en vænta megi. – gar / sjá síðu 4




Fagnaðu vetri með Touareg

HEKLA · www.hekla.is/volkswagensalur



Tilboðsverð Offroad+
9.850.000,-

Veður



Norðaustan og austan 13-20 í dag, en hægari vindur á austanverðu landinu. Slydda eða snjócoma S-lands, annars víða él og vægt frost. **SJÁ SIÐU 20**



Kviabryggja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skar samfanga sinn í fótlegginn

LÖGREGLUMÁL Fangi á Kviabryggju veittist að samfanga sínum í gær og skar hann á fæti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var atvikið ekki mjög alvarlegt og hlúð hefur verið að þeim særða. Árásarmaðurinn var handtekinn á staðnum.

» Sárin voru grunn og hlúð var að hinum særða á heilsugæslu.

Atvikið átti sér stað seinnipartinn í gær en starfsmenn fangelsisins hafa hvorki viljað staðfesta né neita að það hafi gerst.

Ekki er vitað hvort mennirnir, sem eru báðir íslenskir, hafi átt harma að hefna. Fremur er talið að atvikið sé tengt vimuefnaneyslu árásmannsins.

Sá sem hlaut skaðann var stunginn nokkrum sinnum í fótlegg. Sárin voru ekki djúp og var farið með hann á heilsugæslu til aðhlynningar.

Ekki náðist í lögregluna á Vesturlandi eða Fangelsismálastofnun við vinnslu þessarar fréttar. - khg

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Efling mótmælti á jafnréttisþingi



Félagsmenn í Eflingu fóru í kröfugöngu í gærmorgun frá skrifstofum félagsins í Guðrúnartúni í Hörpu þar sem jafnréttisþing fór fram til að vekja athygli á stöðu láglaunafólks. „Við erum ekki fólk sem kemur á þessi málþing eða þessar ráðstefnur,“ sagði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. Ótímabundið verkfall félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg hefur nú staðið frá því á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verkfallsboðun BSRB samþykkt

KJARAMÁL Rúm 87 prósent félagsmanna í aðildarfélögum BSRB samþykktu verkfallsboðun í atkvæðagreiðslu sem lauk á miðvikudag. Aðeins eitt félag náði ekki nægri þátttöku til að verkfallsboðun væri lögleg.

„Niðurstaðan sýnir vafalaust að við göngum í takt,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB. Sonja telur aðgerðirnar líklegast vera þær umfangsmestu sem aðildarfélög BSRB hafi gripið til í sameiningu frá árinu 1984 en um er að ræða tvíþættar verkfallsaðgerðir.

Flestir félagsmenn hjá ríkinu, sveitarfélögum og borginni munu leggja niður störf tímabundið á ákveðnum dögum en einnig munu smærri hópar vera í ótímabundnu verkfalli frá 9. mars.

Ef samningar hafa ekki náðst fyrir 15. apríl munu allir félagsmenn hefja ótímabundið allsherjarverkfall þar til samið verður.

- fbl

Mikil kulnun í starfi meðal félagsráðgjafa

Um 40 prósent félagsráðgjafa sýna einkenni kulnunar í starfi samkvæmt nýrri rannsókn. Þá einkennir mikið álag og streita starfsstéttina. Prófessor í félagsráðgjöf segir brýnt að efla forvarnir til að bregðast við þessu.

SAMFÉLAG „Það eru ýmsir þættir í vinnuumhverfi félagsráðgjafa sem hafa áhrif á tíðni kulnunar og streitu eins og langvarandi vinnuálag, að geta ekki veitt fólki viðunandi þjónustu og of faliðaðir starfshópar,“ segir Steinunn Hrafnadóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, um nýja rannsókn á streitu og kulnun meðal félagsráðgjafa.

Steinunn gerði rannsóknina ásamt Ástu Snorradóttur, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að 85 prósent félagsráðgjafa upplifa mikið álag í starfi. Um 76 prósent segjast upplifa mikla streitu og 67 prósent finna fyrir mikilli þreytu í lok vinnudags.

Þá sýna um 40 prósent félagsráðgjafa einkenni kulnunar. Rannsóknin var lögð fyrir alla félaga í Félagsráðgjafafélagi Íslands síðastliðið vor og var svarhlutfall 56 prósent. Þær Steinunn og Ásta munu kynna niðurstöður rannsóknarinnar á Félagsráðgjafafþingi sem fram fer í dag.

Hún segir niðurstöðurnar ekki hafa komið þeim Ástu á óvart en þær séu í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna. Þær séu engu að síður áhyggjuefni.

„Sérstaklega í ljósi þess að árið 2012 var gerð rannsókn á félagsráðgjöfum þar sem sama mælitæki kulnunar var notað og það virðist vera nokkur aukning á kulnun meðal hópsins.“

Steinunn segir markmið rannsóknarinnar að leggja mat á áhættuþætti streitu meðal félagsráðgjafa á Íslandi og greina hvaða þættir valdi helst streitu ásamt því að greina hverjir séu í mestri hættu á viðvarandi streitu og kulnun.

„Þetta er meðal annars rakið til



Steinunn og Ásta flytja erindi um málefnið í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Brýnt er að stjórnendur vinnustaða gripi snemma inn í áður en vinnuálag og streita verður fólki að heilsutjóni.

Steinunn Hrafnadóttir prófessor

eðlis starfsins þar sem átök geta verið á milli fagmennsku og krafna í starfi, en starfið einkennist oft af miklum málaþjölda, stöðugri tímapressu, fáu starfsfólki, miklum kröfum um skilvirkni, flóknum tengslum við skjólstæðinga og tak-

mörkuðu fjármagni til þjónustu,“ segir Steinunn.

Aðspurð hvað sé til ráða segir Steinunn að brýnt sé að efla forvarnir til að minnka áhættu á kulnun og streitu félagsráðgjafa.

„Kulnun og streita hafa áhrif á gæði þjónustu sem er veitt og heilsu félagsráðgjafa og getur leitt til mikilla veikindafjarvista og starfsmannaveltu á vinnustöðum með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. Langvarandi streituálag er hættulegt og það er mikilvægt að hvetja til árvekni um streitu. Brýnt er að stjórnendur vinnustaða gripi snemma inn í áður en vinnuálag og streita verður fólki að heilsutjóni.“ birnadrofn@frettabladid.is

STÓR HUMAR

HUMARSÚPA

OPIÐ LAUGARDAG 10-15

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

Niro hefur aldrei verið betri.



NIRO

fáanlegur sem



100% rafbíll hybrid plug-in hybrid



The Power to Surprise

Láttu sjá þig með Niro.

Kia e-Niro er einstaklega rúmgóður og vel búinn rafbíll með allt að 455 km rafdrægni. Niro er fáanlegur sem 100% rafbíll, Plug-in Hybrid og Hybrid og við eigum eintök af öllum gerðum til afhendingar. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.

Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro.
Við tökum vel á móti þér.

Kia Niro Hybrid tilboðsverð:

3.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 29.777 kr.**

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

*Fosendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefrit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.
**m.v. 50% ímborgun og lán til 84 mána. Verðtryggt veitir 5,95%. Hældingrebla er 4.526.816 kr. Afleg hlutfalstaða kostnaðar er 7,31%.



Til hamingju með árangurinn

Ísey skyr óskar Íslenska kokkalandslíðinu til hamingju með frábæran árangur á Ólympíuleikum í matreiðslu. Líðið fékk gull í báðum keppnisgreinum sínum og brons fyrir heildarárangur landsliða sem er besti árangur þess frá upphafi. Kokkalandslíðið notar að sjálfsgöðu sérvalið íslenskt hráefni og þar leikur Ísey skyr stórt hlutverk.

Mjólkursamsalan og Ísey skyr eru stoltir bakhjarlar liðsins.

#iseyskyr



Warren blés lífi í framboðið

BANDARÍKIN Elizabeth Warren blés lífi í forsetaframboð sitt, sem miðað við niðurstöðurnar í Iowa og New Hampshire var að renna út í sandinn, í kappæðum Demókrata í Nevada-fylki.

Þótti Warren standa sig vel í kappæðunum og skaut hún föstum skotum á Mike Bloomberg, fyrrverandi borgarstjóra New York. Spurði hún meðal annars út í niðrandi ummæli hans um konur.

➤ **Framboð Warren safnaði 2,8 milljónum dollara á einum degi.**

Bloomberg hefur sett meira fé í framboð sitt en nokkur annar í sögunni og standa nú öll spjót hinna frambjóðendanna á honum.

„Ég ætla aðeins að tala um við hvern við eigum að etja. Milljarðamæring sem kallar konur „feitar beyglur“ og „lesbiur með hrosshaus“. Og nei, ég er ekki að tala um Donald Trump. Ég er að tala um Bloomberg borgarstjóra,“ sagði Warren í kappæðunum.

Skýrendur voru á einu máli um að kappæðurnar hefðu verið stórslys fyrir Bloomberg. Líkti Van Jones, fyrrverandi ráðgjafi Baracks Obama, Bloomberg við skipið Titanic og Warren væri ísjakinn.

Besta mælingin á frammistöðu Warren má sjá í peningaframlögunum. Framboð hennar safnaði 2,8 milljónum dollara, eða um 360 milljónum króna, á einum degi sem er það mesta hingað til. – kfh

Flókin staða



Mary Lou McDonald, leiðtogi Sinn Féin, gekk vigrif inn í írsku þingið sem kom í fyrsta sinn saman eftir kosningar til að kjósa um forsætisráðherra. Enn hafa flokkarnir ekki komið sér saman um hvernig stjórn eigi að mynda og líklegt að núverandi forsætisráðherra, Leo Varadkar, sinni embættinu um tíma. Hægriflokkarnir vilja ekki vinna með McDonald en vinstriflokkar og óháðir þingmenn styðja hana. MYND/GETTY

KRONAN

Bolla, bolla BOLLA!

Rjómbollur fylltar, 2 stk.

649 kr. pk.

Hefði viljað ívilnanir áfram fyrir metanbíla

Metanbilar teljast ekki lengur vishæfir bílar hjá borginni og ókeypis bílastæði því úr sögunni. Breytingarnar tóku gildi um áramót. Framkvæmdastjóri Orkuseturs segir að betra hefði verið að hafa þessar ívilnanir áfram.

UMHVERFISMÁL „Það munar um allar ívilnanir. Sjálfur hefði ég talið betra að hafa metanbíla áfram þarna inni,“ segir Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um bíla sem teljast vishæfir og leggja má gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld stæði.

Breytingarnar tóku gildi um áramót en voru samþykktar á fundi skipulags- og umhverfisráðs í lok október. Nú teljast aðeins bílar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni til vishæfra bíla. Samkvæmt eldri reglum náði ívilnunin einnig til metanbíla og tengiltvinnbíla.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs, segir ástæðu þess að metanbílur hafi verið teknir af listanum sé að þeir keyri nánast allir einnig á bensíni og því sé ekki hægt að tryggja að þeir aki á vistvænum orkugjafa.

„Metanbílum á eflaust eftir að fjölga og vonandi verða þeir alfarið vistvænir innan tíðar. Þá væri hægt að endurskoða reglurnar,“ segir Sigurborg.

Á vefsíðu Orkuseturs kemur fram að metanbílur eru 1.572 en fólksbílaflotinn er tæplega 224 þúsund bílar. Á síðasta ári voru nýskráðir 53 metanbílur og 13 það sem af er ári.

Sigurður bendir á að bensíni á metanbílum sé fyrst og fremst notað sem varaafli. „Það er líka til að létta á innviðabörfinni svo það sé ekki offjörðingur í metanstöðvum. En það er svolítið sérstakt að ætla fólki það að keyra á bensíni. Það er enginn heilvita maður sem keyrir á



Fimm stöðvar sem selja metan eru nú á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

➤ **Vishæfum bílum má leggja gjaldfrjálst í 90 mínútur í gjaldskyld stæði.**

bensíni sem getur keyrt á metani.“

Hann segir einnig að það sé samfélagslega mikilvægt að hvetja til notkunar á metani. „Við erum og verðum metanframleiðendur þótt við horfum ekki nema á það sem myndast í úrgangsmálum hjá okkur. Það er eitthvað verulega vitlaust við það að nýta það ekki.“

Þótt svona breyting sé óheppileg telur Sigurður ekki að borgin sé í einhverri herferð gegn metanbílum. „Þetta gæti líka verið tæknileg spurning varðandi útfærslu. Það eru samt ekki margar tegundir í boði af

upprunalegum metanbílum. Það væri hægt að halda sig við þær en ekki breytta bíla.“

Hann segir stefnu ríkisins almennt að vera tæknihlutlaust. Þar sé talað um orkuskipti yfir í innlenda og nánast mengunarlausu orkugjafa en ekki tekin afstaða með einni tækni umfram aðra.

Sigurborg segir annað sjónarmið vera að það sé ekki endilega rétt að yfirvöld greiði niður jafn dýra landnotkun og bílastæði séu.

„Það eru líka oft þeir sem hafa mest á milli handanna sem hafa efni á að kaupa sér rafmagnsbíl og þá erum við að greiða niður bílastæði fyrir það fólk. Sem mér persónulega finnst ekki gott. Við ættum frekar að hugsa um það fólk sem hefur minna á milli handanna.“

sighvatur@frettabladid.is



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Sírius



Súkkulaðipáskaegg

KARAMELLUSÚKKULAÐI

NÓI SÍRÍUS

Gleðilega páska



Gleðilega páska

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru án efa orðin ein af ríkustu hefðunum í páskahátíð Íslendinga. Undirstaða páskaeggsins er vitaskuld hið ljúffenga súkkulaði frá Nóa Sírius. Ekki má gleyma málshættinum sem gefur páskaeggjum Nóa Sírius hinn hátíðlega blæ. Þessi vinsæla hefð sameinar kynslóðir og skapar ljúfar minningar með þjóðinni.

Þegar gómsætu gæðasúkkulaði er blandað saman við silkimjúka karamellu getur útkoman ekki orðið annað en syndsamlega gott karamellusúkkulaði. Njóttu þess að láta karamellusúkkulaðið bráðna í munninum á þér.

Kynþáttahatur talin ástæða árásar í Hanau sem kostaði níu manns lífið

ÞÝSKALAND 43 ára maður skaut níu manns til bana í þýsku borginni Hanau á miðvikudagskvöld og framdi sjálfsvíg í kjölfarið. Hann er einnig grunaður um að hafa myrt móður sína fyrir árásina. Útlendingahatur er talin vera ástæða árásarinnar en fórnarlömbin níu voru gestir á tveimur vatnspípubörum sem Tyrkir sækja að stórum hluta.

„Kynþáttahatur er eitru. Hatur er eitru. Þetta eitru er til í okkar sam-

félagi og er ástæðan fyrir mörgum glæpum,“ sagði Angela Merkel, kanslari, eftir árásina.

Árásarmaðurinn, sem kallaður er Tobias R af lögreglunni, keyrði á milli staðanna og skaut á gesti. Lögreglan hefur staðfest að í það minnsta fimm séu af tyrkneskum uppruna og einhverjir af kúrdískum. Þá hafa utanríkisráðuneyti Búlgaríu og Bosníu staðfest að þarlendir borgarar hafi látist



Tobias R birti mörg hatursfull myndbönd á heimasíðu sinni.

» Tobias skaut níu manns til bana og fannst síðar látinn á heimili sínu ásamt aldraðri móður sinni.

í árásinni. Fórnarlömbin voru á aldrinum 21 til 44 ára.

Tobias lagði á flótta og lögreglan leitaði hans um nóttina. Fannst

hann ásamt aldraðri móður sinni, bæði látin, á heimili sínu. Hann hafði áður birt myndbönd með hatursfullum kynþáttaáróðri á vefsíðu sinni.

Margir leiðtogar hafa vottað Merkel og Þjóðverjum samúð sína. Þar á meðal Emmanuel Macron Frakklandsforseti. „Ég stend með Merkel kanslara í baráttunni fyrir gildum okkar og varðveislu lýðræðisins,“ sagði hann. – khg



Dordogne er afskaplega vinsælt búsetusvæði Breta. MYND/GETTY

Bretar horfa til Frakklands

FRAKKLAND Ásókn Breta í franskar fasteignir hefur aukist mjög í kjölfar Brexit. Nú er tekið við aðlögunartímabil útgöngunnar og Macron Frakklandsforseti sagðist ætla að passa upp á réttindi Breta sem búsettir eru í Frakklandi.

„Við fengum meira en 8.000 fyrirspurnir frá breskum kaupendum í janúar, það er 55 prósentu aukning á aðeins einum mánuði. Fólk vill kaupa áður en aðlögunartímabilinu lýkur,“ sagði Trevor Leggett, forstjóri fasteignasöluvarnunar Leggett Immobilier, sem sérhæfir sig í sölu til útlendinga.

●● Fólkið vill kaupa áður en aðlögunartímabilinu lýkur.

Trevor Leggett fasteignasali

Um 400 þúsund Bretar búa í Frakklandi, og hefur þeim fjölgað mikið á síðustu þremur áratugum. Stór hluti er fólk á miðjum aldri og eldra, sem búsett er í suðurhluta landsins og á Bretaníuska. Fólk sem hafði hugað sér að flytja til Frakklands í framtíðinni er því nú að flýta flutningum.

Kaup á franskrum fasteign taka alls fjóra mánuði. Vandí þessa fólks er hins vegar að lægð er á fasteignamarkaðinum í Bretlandi og oft er fólk með fé bundið í fasteign þar.

Nýlega greindu bresk yfirvöld frá hertri innflytjendastefnu sem myndi meðal annars byggja á enskuþrófi. Þó Macron tali á frjálslyndan hátt núna, óttast margir að ESB svari Bretum í sömu mynt. – khg

Bretar verða krafðir um að skila grískum fornminjum

Grikkir gætu endurheimt fornminjar sem Bretum áskotnuðust snemma á nítjándu öld þegar Grikkland laut stjórn Tyrkja. Þetta kemur fram í ákvæði í drögum Evrópusambandsins að viðskiptasamningi við Breta í kjölfar Brexit. Bresk stjórnvöld standa föst á að eignarhald minjanna sé ekki til umræðu.

BREXIT Evrópusambandið mun krefjast þess að Bretar skili Grikkjum fornminjum samkvæmt drögum að viðskiptasamningi í kjölfar Brexit. Ákvæðið í samningnum er komið að beiðni Grikkja í því segir: „Aðilar ættu að taka á málum sem snúa að því að skila eða endurnýja menningarminjar sem fengust með ólögmætum hætti til upprunlands.“

Umræddar minjar eru hinar svokölluðu Elgin-marmarahöggmyndir sem er að finna í British Museum, breska þjóðminjasafninu, í London. Þær voru upprunalega í Parþenonhofinu og öðrum byggingum á Akropolisshæð í Aþenu. Bretum áskotnaðist höggmyndasafnið snemma á 19. öldinni þegar Elgin lávarður lét flytja þær til Bretlands. Á þeim tíma laut Grikkland stjórn tyrkneska Ottómanveldisins og hefur lögmæti eignarhalds Breta á höggmyndunum lengi verið til umræðu.

Hartwig Fischer, safnstjóri British Museum, sagði fyrr á árinu að safnið myndi aldrei skila höggmyndunum. „Þegar þú flytur menningararf inn á safn færir þú hann úr samhengi en tilfærslan er líka skapandi athöfn,“ sagði Fischer. „Saga höggmyndasafnsins hefur verið ríkir frá 19. öldinni þar sem hluti safnsins er í Aþenu og hluti þess er í London, þar sem sex milljón gestir sjá það ár hvert.“

Ummæli safnstjórans hneyksluðu marga á alþjóðavettvangi. „Hvað er skapandi við eyðileggingu musterisins og menningararín á lykilhlutum úr sögu fornrrar þjóðar?“ sagði George Vardas, ritari alþjóðasamtakanna fyrir sameiningar Parþenonhöggmyndanna, í



Ein af veggmyndunum úr safni Elgin-höggmyndanna sem upprunalega voru á Akropolisshæð. MYND/GETTY

●● Þegar þú flytur menningararf inn á safn færir þú hann úr samhengi en tilfærslan er líka skapandi athöfn.

Hartwig Fischer, safnstjóri British Museum



viðtali við gríska dagblaðið Ta Nea og sakaði British Museum um nýlendustefnu.

Talskona breskra stjórnvalda er sama sinnis og Fischer og hefur sagt að Bretar muni ekki taka stöðu höggmyndanna til umræðu við gerð samningsins. „ESB er enn að ganga frá umboði sínu – þetta eru sem stendur einungis drög.“

Viðræður um fríverslunarsamning milli Breta og ESB hefjast

í næsta mánuði. Báðir aðilar stefna að því að ná einhvers konar samkomulagi í lok árs, þegar ellefu mánaða aðlögunartímabili Brexit lýkur. David Frost, helsti samningamaður Breta í Brexitmálum, sagði fyrr í vikunni að Bretland myndi ekki beygja sig undir reglur ESB sem hluta af fríverslunarsamningi og myndi fyrir ganga frá samningaborðinu.

arnartomas@frettabladid.is

Vill fjármagn fyrir skrifstofu í Nuuk

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur beðið fulltrúadeild þingsins um fjármagn til þess að koma upp sendiskrifstofu í Nuuk á Grænlandi. Er farið fram á 587 þúsund dollara til verkefnisins sem jafngildir um 75 milljónum íslenskra króna.

Trump kom Grænlandi í heimsfréttirnar á síðasta ári þegar hann víðraði hugmyndir um að Bandaríkin keyptu landið. Danskir og grænlandskir ráðamenn sögðu Grænland hins vegar alls ekki til sölu.

Samkvæmt frétt bandaríska miðilsins Politico er talið líklegt að þingið samþykki beiðnina sökum aukins mikilvægis norðurslóða. Heimildarmaður Politico segir að sendiskrifstofa á Grænlandi sé byrjun og sýni að Bandaríkjamenn ætli sér áhrif á svæðinu.

Þá vísaði hann í mikilvægar nátt-



Bandaríkjamenn vilja opna sendiskrifstofu í Nuuk. MYND/GETTY

úrúauðlindir Grænlands sem væru ástæða þess að Rússar, Kínverjar og Evrópuríki hefðu líka áhuga á landinu.

Í frétt DR er bent á að verði af áformum bandarískra stjórnvalda

sé samt ekki um fyrstu sendiskrifstofuna í Grænlandi að ræða. Bandaríkin hafi opnað sendiskrifstofu í Grænlandi eftir að Þjóðverjar hernámu Danmörku 1940 og hafi hún verið starfrækt til ársins 1953. – sar

Sterkar, mildar og allskonar

- ✓ Ekkert hveiti
- ✓ Ekkert soyja
- ✓ Enginn sykur
- ✓ Ekkert MSG

Íslenskt kjöt

Íslensk framleiðsla

Pylsumeistarinn

– við Laugalæk

Málaðu meira fyrir miklu minna



MÚRBÚÐARVERÐ



Málningarlimband frá kr.
295



Deka Projekt 02,
Loftmálning 2,7 lítrar
2.290

ÓDÝRSTA MÁLNINGIN
OKKAR
VERÐ 549,-
LÍTERINN m/v 10 lítra



Deka Projekt 05,
2,7 lítrar (stofn A)
2.490



Áltrappa 3 þrep - verð frá
4.490



Deka Projekt 10,
2,7 lítrar (stofn A)
2.990



Deka Projekt 05,
3 lítrar Málarahvitt
2.590

Áltrappa 4 þrep 5.440
5 þrep 7.290
6 þrep 7.690



Deka Gólfmálning
grágræn 3 ltr.
4.690



Sköfur frá kr.
245



Spartlspáðar
sett kr.
325

Spartlspáðar
frá kr.
695



Einnota málningar-
gallar frá kr.
695



Málningargrind
og rúlla frá kr.
575



Kíttgrindur
frá kr.
790



Málningarpenslar
frá kr.
95



Bostik spartl 250 ml
690



Sandpappir
frá kr.
125
örkin



Slípklossar
frá kr.
395



Framlengingarsköft
frá kr.
595



Bostik málningarkitti
390



Yfirbreiðslur Fleece
frá kr.
540

Málningarbakkar
frá kr.
195



**Mikið úrval
málningarverkfæra**

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Dauðafæri



Hörður
Ágísson

hordur@frettabladid.is

Það er fát sem vinnur með okkur þessa dagana. Samtals eru um 9.600 manns á atvinnuleysis-skrá og hefur fjöldinn ekki verið meiri frá því í maí 2012. Atvinnuleysi mælist 4,8 prósent og fjölgaði þeim sem voru án atvinnu um rúmlega þúsund í janúar. Það er sambærilegt við það að milljón manns hefðu misst vinnuna í Bandaríkjunum á aðeins einum mánuði. Fát bendir til annars en að ástandið eigi eftir að versna enn frekar áður en það skánar, en leiðandi hagvísir Analytica, sem gefur vísendingar um umsvif í hagkerfinu að sex mánuðum liðnum, gefur til kynna talsverðar líkur á stöðnun eða efnahagssamdrætti.

Atvinnuvegafjárfesting er að skreppa hratt saman samtímis versnandi fjármálalegum skilyrðum fyrir-tækja. Hætt er við að atvinnuleysi haldi áfram að síga upp á við en fyrirtæki berjast nú í bökkum, einkum litil og meðalstór sem eru verðtakar á sínum mörkuðum, og við mörgum blasir fát annað en gjaldþrot. Það kann að setja af stað hættulegan spiral. Þessi veruleiki er öllum augljós sem kjósa að setja ekki kíkinn fyrir blinda augað en engu að síður er það mat sumra verkalyðsfélaga að nú sé rétti tíminn til að ganga af göflunum í óumsemjan-legum kröfum sínum á hendur hinu opinbera.

Seðlabankinn hefur brugðist við með lækkun vaxta um 1,75 prósentur á innan við ári. Að óbreyttu hrannast enn upp vísendingar sem kalla á frekari slökun í aðhaldi peningastefnunnar – af hverju ættu fjármagns-eigendur að njóta öruggar eins prósentis raunávöxtunar við þessar aðstæður? – og því einsýnt að vaxtalækkunar-ferlinu er ekki lokið. Staðan er hins vegar sú að slíkar lækkanir skila litlu einar sér. Vandinn, sem er í senn kerfislægur og heimatilbúinn, er að miðlunarferlið er ekki að virka sem skyldi og því hafa fyrirtæki ekki notið ávinnings lægri vaxta. Verði ekkert að gert, meðal annars með ráðstöfunum er lúta að minni eiginfjárkröfum á banka, lækkun bindiskyldu, lægra tryggingagjaldi og stóruaknum fjárfestingum ríkisins, verður niðursveiflan dýpri og langvinnari – algjörlega að óþörfu – enda hafa stjórnvöld það í hendi sér að snúa við þessari stöðu.

Er ríkisstjórnin sofandi? Svo hefur víst að undan-förnu en það kann að breytast. Lilja Alfredsdóttir menntamálaráðherra hefur með afgerandi hætti nú lýst því yfir að nauðsynlegt sé að bregðast hratt við versnandi efnahagshorfum. Þannig eigi bæði að flýta og auka umfang þeirrar fjárfestingar sem áður hafði verið boðuð í fjármálaáætlun ríkisins, að minnsta kosti um fimmtíu milljarða, og eins sé mikilvægt að lækka eiginfjárlauka á viðskiptabankana til að auka útlánagetu þeirra. Taka þarf ákvarðanir um slíkar ráðstafanir, ásamt fleirum, á allra næstu vikum.

Tíminn vinnur ekki með okkur. Ný fjármálastöðug-leikanefnd sem seðlabankastjóri fer fyrir hlýtur þannig að breyta um kúrs og snúa við fyrri ákvörðunum sem teknar voru á vettvangi kerfisáhættunefndar um að þrengja enn að bankakerfinu með hækkuð sveiflujöfn-unaraukans ofan á eiginfjárkröfur sem fyrir voru þær hæstu í Evrópu. Ólíkt flestum öðrum ríkjum geta íslensk stjórnvöld, ríkisstjórnin og Seðlabankinn, gripið til fjöl-margra aðgerða, á grunni sterkar stöðu þjóðarbúsins, til að skapa forsendur fyrir efnahagslegri viðspyrnu. Verði það tækifæri ekki gripið þá geta menn bara slökkt ljósin.



Ólíkt flestum öðrum ríkjum geta íslensk stjórnvöld gripið til fjölmargra aðgerða til að skapa forsendur fyrir efnahagslegri viðspyrnu.

Halldór



Frá degi til dags

Hættulegt svæði

Íslendingar hafa í gegnum tíðina tekið við pólitískum flóttamönnum og veitt hæli. Sjaldgæfara er að það sé á milli hreppa innanlands. Komin er upp sú staða að Guðmundur Gunnarsson, fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðar, sér sér ekki vart í bænum. Hann segir bæjarstjórn beita fantaskap og dreifa rógburði. Finnst Guðmundi og fjölskyldu hans þau nú ekki velkomin í bænum, þau ætli að flytja burt og ekki koma til baka. Ljóst er að mikið hefur gengið á. Vakna því upp spurningar um hvort ekki þurfi að skilgreina Ísafjörð sem hættulegt svæði og grandskoða hvað stendur í Dyflinnarreglugerðinni um svona mál.

Meira af Vestfjörðum

Hrós dagsins fær Bæjarins besta fyrir að sinna því vel að afla og birta kjördæmakannanir. Ritstjórnin, Kristinn H. Gunnarsson, er enginn aukvísí í pólitík og þekkir innra starfflestra stjórnmalaflokka upp á háir enda hefur hann verið í þeim flestum. Hann veit að kjördæmakannanir segja í raun mun meiri sögu en landskannanir, og aðeins með því að reikna þær saman er hægt að fá góða mynd af heimtum flokkanna í þingsætum talið. Stjórnmalanörðar landsins ættu því að koma bb.is inn í daglegan netrúnt sinn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Ungt fólk og líffræðilegur fjölbreytileiki



Kolbeinn
Ottarsson
Proppé
Þingmaður
Vinstri grænna

Flest hafa eflaust eitthvað heyrt getið um að ef býflugur deyja út verði ekki hægt að framleiða hunang. En hversu margir átta sig á því að 75% af allri ræktun matvæla er háð frævnun frá alls konar dýrategundum? Eða að vistkerfin í vatni og á jörðu sjá um að kolefnisjafna 60% af því sem mannkynið framleiðir? Hvað gerist þá ef tegundum fer að fækka og mannkynið heldur áfram að fjölga sér? Ef mat fer að skorta og hitastig og sjávarýfirborð að hækka?

Rúmlega 30 ungmenni frá Færeyjum, Grænlandi, vesturströnd Noregs og Íslandi hittast í dag í Reykjavík. Umraeðuefnið er framtíð hafins og hvernig megi sporna gegn útrýmingu fleiri dýrategunda – og þar með einnig framtíð unga fólksins sjálfs. Okkur sem eldri erum ber skylda til að hlýða á unga fólk.

Síðar á árinu munu aðildarlönd Samnings Sam-einuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni funda til að gera nýjan samning. Þetta eru öll aðildarríki SP nema Bandaríkin. Núverandi samningur er frá árinu 1992 og ljóst að ekki hefur tekist að ná settum markmiðum.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð hafa í samráði við Norðurlandaráð æskunnar sett saman verkfærakistu sem á að gera ungum Norðurlandabúum kleift að koma skoðunum sínum á framfæri og vera með innlegg í viðræðurnar um nýju stefnu SP á sviði líffræðilegrar fjölbreytni.

Líffræðileg fjölbreytni er stórt og flókið hugtak sem varla er hægt að útskýra með fullnægjandi hætti í stuttu máli, og mikilvægi þess fyrir hafid, fyrir jörðina – fyrir framtíð ungu kynslóðarinnar. Afleiðingar útrýmingar fjölda tegunda verða gríðarlegar. Þess vegna valdi Ísland líffræðilega fjölbreytni sem eitt af áhersluatriðum formennskuáætlunarinnar sem við förum með í Norðurlandaráði þetta árið.

Ég hvet öll til að mæta í Norræna húsið í dag klukkan 15 og vera við pallborðsumræður um líffræðilegan fjölbreytileika. Ungu fólk veit hvað það syngur og þeirra er framtíðin.



Unga fólk veit hvað það syngur og þeirra er framtíðin.

HELLY HANSEN

DAGAR

Mikið úrval af vönduðum Helly Hansen fatnaði í verslunum Icewear Magasín fyrir herra, dömur og börn.

40% afsláttur

af öllum Helly Hansen úlpum.

ICEWEAR

ICELAND

ICEWEAR MAGASÍN

SMÁRALIND · LAUGAVEGUR 91

Meira konudags

Tilboð gilda út 23. febrúar



BAK
ARÍ
ID

Steinbakað súrdeigsbrauð

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

799 kr/stk



BAK
ARÍ
ID



Sælkeru brauðsalöt frábær með súrdeigsbrauðinu

599 kr/stk



Landana 1000 daga.
Hollenskur gæðaostur

799 kr/stk



Fumagalli & Ítalíu álegg.
Ómissandi í brönsinn

verð frá **659** kr/stk



Hjartalaga
jarðarberjaaskja



799 kr/pk



KEMUR Í BÚÐIR Á LAUGARDAGINN

Konudagstertan 2020
Súkkulaðiþotn, hindberjafrómas,
súkkulaðiþfrómas & ganache

3.199 kr/stk

BAK
ARÍ
ID



Konudagsblómin
færðu í Hagkaup

verð frá **1.849** kr/stk

Veislulæri kryddað með ferskum kryddjurtum

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

25%
afsláttur



Íslandssósar eru frábærar með helgarsteikinni

519 kr/stk

Veislulæri Hagkaups

2.174 kr/kg

Verð áður 2.899 kr/kg

Marinerað og kryddað með ferskum kryddjurtum:

Sítrónuberki, hvítlauk, kóriander, salvíu, majoran, steinselju, oregano og rósmarín



15%
afsláttur

Íslenskar nautalundir

6.204 kr/kg

Verð áður 7.299 kr/kg



15%
afsláttur

100%
HREIN
AFURÐ

Úrbeinuð kjúklingalæri

2.209 kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg



20%
afsláttur

Kjúklingalæri með legg

879 kr/kg

Verð áður 1.099 kr/kg

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Vellirnir sem miðað er við í dalnum

Verkis skoðaði nokkra velli þegar fyrirtækið skilaði skýrslu um stofnkostnað um nýjan Laugardalsvöll. Fjórar sviðsmyndir koma til greina en útboð í ráðgjöf um kostnaðar- og tekjumat var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu í byrjun mánaðarins.

ÍPRÓTTIR Fjórar sviðsmyndir koma til greina um endurnýjun Laugardalsvallar. Að aðstaða verði að mestu leyti óbreytt eða með lágmarksbreytingum og lagfæringum. Að farið verði í viðbætur og framkvæmdir á núverandi aðstöðu til að uppfylla alþjóðlega staðla. Að byggður verði opinn knattspyrnuvöllur með allt að 17.500 sæti eða fjölnotaleikvangur með opnanlegu þaki með allt að 20.000 sæti.

Í byrjun mánaðarins var útboð á ráðgjafarþjónustu fyrir Þjóðarleikvang ehf., sem hefur það hlutverk að undirbúa lokaákvörðun um endurnýjun á Laugardalsvelli og er í eigu Reykjavíkurborgar, ríkis og KSÍ, auglýst meðal annars á Evrópska efnahagssvæðinu. Markmið útboðsins er að leita tilboða í ráðgjöf um kostnaðar- og tekjumat þessara fjögurra sviðsmynda.

Í útboðsgögnunum má finna skýrslu frá Verkis þar sem vellir eru bornir saman við hugmyndir um annars vegar 17 þúsund manna völl og hins vegar 20 þúsund manna völl sem er með opnanlegu þaki. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að frjálsíþróttabrautin fari eins og austurstúkan, leikvöllurinn fari nær vestari stúkunnni og spilað verði á náttúrulegu grasi.

Verkis gerir ráð fyrir að stofnkostnaður við 17 þúsund manna völlinn sé um fimm milljarðar. Fyrirtækið skoðaði þrjá velli, Spardabank Hessen í Þýskalandi, Gamla Ullevi í Svíþjóð og Groupama Arena í Búdapest.

Þegar vellir með opnanlegu þaki voru skoðaðir voru fimm vellir til athugunar. Þrír sem voru eldri en 14 ára og því voru tveir nýrri líka skoðaðir. Gelredome í Hollandi, Veltins Arena heimavöllur Schalke og Esprit Arena í Düsseldorf í Þýskalandi voru fyrst skoðaðir en svo skoðaði fyrirtækið Tele 2 og Friends arena í Svíþjóð þar sem þeir voru nýrri af nálinni.

Áður en útboðið var auglýst fór fram forútbóð í nóvember á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem aflað var upplýsinga um áhuga og reynslu aðila af ráðgjöf um kostnaðar- og tekjumat á sviði byggingar og rekstrar fótboleikvangs. Alls skiluðu þrettán aðilar inn gögnum, þar af nokkur öflug alþjóðleg ráðgjafarfyrirtæki með mikla reynslu. Í framhaldinu var lögð áhersla á að draga saman allar þær ábendingar sem frá þessum aðilum bárust og nýta við undirbúning útboðsins sem auglýst var nú.

Auk þessara fjögurra sviðsmynda er óskað sérstaklega eftir umfjöllun í skýrslu ráðgjafa um meðal annars nýtingu vesturstúkkunnar á vellinum, hvort notað verði náttúrulegt gras eða gervigras, kostnaður við útlit og skel utan um leikvanginn, fyrirkomulag við móttökurými og móttökubergergi.

Frestur til að skila inn tilboði er ríflega fjórar vikur og mun honum ljúka í byrjun mars. Þá verður farið í að meta tilboðin í samræmi við matslíkan útboðsgagna og í framhaldinu verður gengið til samningagerðar við þann aðila sem á hagkvæmasta tilboðið. Reikna má með að ráðgjafar geti hafið sína vinnu í lok mars og gera má ráð fyrir að gefinn verði þriggja mánaða tími til vinnslunnar.

Þannig má gera ráð fyrir því að endanleg skýrsla liggi fyrir í júní/júlí. benediktboas@frettabladid.is



Laugardalsvöllur var byggður árið 1957. Hann tekur um 10 þúsund manns í sæti en síðustu framkvæmdir á honum voru árið 2006 og kostuðu þá 2,2 milljarða króna. KSÍ greiddi 42 prósent með aðstoð FIFA, Reykjavíkurborg 38 prósent og ríkið greiddi síðustu tuttugu prósentin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Lokaður
Gelredome í Hollandi tekur 22 þúsund áhorfendur og kostaði 191 milljón evra eða 26,5 milljarða.




Lokaður
Veltins-Arena í Þýskalandi tekur 54.700 áhorfendur og kostaði 191 milljón evra eða 26,5 milljarða.



Lokaður
Friends arena í Svíþjóð tekur 50 þúsund áhorfendur og kostaði 300 milljónir evra eða 41 milljarð króna.



Lokaður
Tele2 Arena í Svíþjóð tekur 33 þúsund áhorfendur og kostaði 290 milljónir evra eða 40 milljarða.



Lokaður
Esprit Arena tekur 51 þúsund áhorfendur og kostaði 218 milljónir evra eða rúman 31 milljarð króna.



Opinn
Groupama Arena tekur 22 þúsund áhorfendur og kostaði 40 milljónir evra eða aðeins 5,5 milljarða.



Opinn
Sparda-Bank-Hessen í Þýskalandi tekur 20.500 áhorfendur, kostaði 23 milljónir evra eða 3,1 milljarð.



Opinn
Gamla Ullevi-völlurinn tekur 15 þúsund manns. Hann kostaði 335 sænskar milljónir eða 4,3 milljarða.

Fimm ár síðan Alfreð Finnbogason vildi að Dagur kvittaði undir nýjan völl í Laugardal

Árið 2015 komst Ísland á EM í Frakklandi. Þá komst nýr völlur í hámaeli. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri sagði til dæmis á Twitter að landsliðið vildi fagna með þjóðinni á Ingólfstorgi og bauð öllum með. Alfreð Finnbogason, sóknarmaður íslenska landsliðsins, svaraði: „Við mætum þegar þú kvittar undir cash fyrir nýja Laugardalsvöllinn, 15.000 lokaðan og yfirbyggðan takk.“

Þáverandi formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, sagði í beinni

útsendingu á Vísi sama kvöld að það væri kominn tími til að byggja menningarhús þjóðarinnar, yfirbyggðan leikvang þar sem hægt væri að hafa stóra viðburði. „Knattspyrnuleiki fyrir 20-25 þúsund manns, tónleika þar sem fólkíð getur komið og glaðst. Við þurfum slíkan leikvang og við þurfum skilning.“

Ári síðar skilaði Lagardère viðskiptaáætlun og hagkvæmnisathugun en fyrirtækið stýrir sjónvarps- og styrktarréttindum fyrir meira en 270 evrópsk knatt-

spyrnufélög og er einna mest áberandi leikvangsrekstraraðili í Evrópu samkvæmt útboðsgögnunum. Áður var KSÍ búð að láta fyrirtækið Borgarbrag vinna forhagkvæmnisáætlun fyrir sig.

Lagardère skilaði svo hugmyndavinnu um skipulag og hönnun árið 2017. Þann 11. janúar 2018 skipuðu ríkið og Reykjavíkurborg starfshóp sem fara skyldi yfir hugmyndir um þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu, leggja mat á þær og gera tillögur um mögulega uppbyggingu. Verkis


skilaði mati á stofnkostnaði, KPMG gerði mat á rekstraráætlun og samfélagslegum ábata, og minnisblaði útboðssérfræðinga fjármála- og efnahagsráðuneytis og Reykjavíkurborgar um álitamál tengd útboðsmálum þjóðarleikvangs var skilað í mars það ár.

Og nú er komið að útboði til að leita tilboða í ráðgjöf um kostnaðar- og tekjumat á þessum fjórum sviðsmyndum sem gerir eigendum Þjóðarleikvangs ehf. mögulegt að taka nauðsynlegar ákvarðanir.

LEO

FÖSTUDAGUR 21. FEBRÚAR 2020

Lífsstíll



Guðni byrjaði fyrst í þungarokkshljómsveit sem unglingur, tók síðan tímabil í raftónlist og fór svo aftur í þungarokkið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kvikmyndatónlist á vínýl heillar mest

Guðni Rúnar Gunnarsson hefur starfað í kvikmyndabransanum um árabíl. Hann hefur einnig verið í ýmsum böndum, er núna í hljómsveitinni Óværu og er mikill áhugamaður um kvikmyndatónlist á vínýl. ➔2

VERTU LAUS VIÐ
LIÐVERKI



NUTRILENK™
GOLD

www.artasan.is

Hjördis Erna
Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Guðni Rúnar Gunnarsson bjó í Hafnarfirði til sex ára aldurs en flutti þá í Kópavog þar sem hann bjó til tvítugs þegar hann flutti að heiman. „Ég segi fólki að ég komi úr Kópavoginum og það vill svo til að ég er einmitt nýbúinn að kaupa íbúð í Kópavogi svo ég er aftur á leiðinni heim í Kópavog.“

Það er í nógu að snúast.

„Þessa dagana er ég að vinna sem umsjónarmaður leikmuna, „propsari“ eða eins og sagt er á fagmálinu „props master“, í íslenskrí sjónvarpsþáttaröð. Hvað áhugamál snertir er aðalmálið hljómsveitin mín Óværa, þar leiði ég hljómsveitina með minni yndisfögru rödd. Flutningurinn úr miðbænum eftir 17 ára dvöl og í Kópavog á hug minn allan núna.“

Kiss og stórmyndir í æsku

Guðni hefur alla tíð haft mikla ástríðu fyrir tónlist. „Tónlistaráhuginn kviknaði um 3-4 ára aldur og fyrsta upphaldshljómsveitin var Kiss. Gott ef að Kiss var ekki bara í upphaldi allra á heimilinu á þessum tíma. Ég man að þegar við mamma horfðum á myndbandið Lick it up hoppuðum við alltaf með Paul Stanley í uppbyggjarkafnanum, hef sennilega verið fjögurra ára þá.“

Þá er hann ekki síður kvikmyndaáhugamaður og voru það upphaflega margar af hinum ódauðlegu stórmyndum áttunda og níunda áratugarins sem hrifu hann. Það er því kannski ekki furða að kvikmyndatónlistin heilli eins mikið og raun ber vitni. „Kvikmyndaáhuginn kviknaði með Spielberg-innrásinni í Hollywood með myndum eins og Jaws, Gremlins, Star Wars og Indiana Jones og fleirum.“

En hvaða mynd hafði mest áhrif í barnæsku?

„Mér dettur helst í hug The Warriors. Hún fjallar um baráttu gengisins The Warriors við að komast heim eftir fjöldafund með öllum gengjum bæjarins þar sem þeir eru sakaðir um morðið á Cyrus sem var kóngurinn, með allar klíkur New York-borgar á eftir sér. Ég gat líka horft endalaust á Conan the Destroyer,“ svarar Guðni.

Enginn tiltekinn leikstjóri er í upphaldi en þó eru nokkrir sem eiga sér sérstakan stað í hjartanu. „Ég á mér engan sérstakan upphaldsleikstjóra en kannski ber helst að nefna Joe Dante, John Carpenter, Ridley Scott og Stanley Kubrick.“

Byrjaði og endaði í þungarokkinu

